

Nr. 004 / 12 Ísbjörg ÍS 69***Leki og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2151
Smíðaður: Hafnarfirði 1991 plast
Stærð: 6,1 brl. 5,8 bt.
Mesta lengd: 8,8 m Skráð lengd: 7,79 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,54 m
Vél: Cummins 187 kW 2006
Fjöldi skipverja: 2



Ísbjörg ©Guðbjörg Henningsdóttir

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 25. maí 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni, Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. janúar 2012 var Ísbjörg ÍS 69 á línuveiðum um 1,5 sml undan Rit. Veður: SSA gola.

Skipverjar höfðu lagt línuna og hvílst um stund áður en þeir byrjuðu línudráttinn. Þegar haldið var að baujunni veitti skipstjóri því athygli að að flökt kom á rafmagnið og spenna féll á stjórnborði vélarinnar. Hann gætti í vélarrúmið og sá þá að kominn var mikill austur í það og hann var farinn að skvettast upp á rafmagnsbúnað ofan á vélinni. Vélin var þegar stöðvuð og gangsett rafmagnslensidæla en sjálfvirka lensidælan var í gangi.

Skipstjóri kallaði eftir aðstoð á rás 16 og komu nærstaddir bátar fljótlega en báðar dælurnar höfðu undan lekanum og áður en björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom til að draga Ísbjörgu ÍS til hafnar höfðu þær þurrausið vélarrúmið.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að komið var í höfn varð ekki vart við leka og við skoðun á lögnum í vélarrúminu fannst rifa á hосу á kælissjó frá ferskvatnskæli að púströri (blautpúst) þar sem það kom úr afgangsverfli. Sjókælidælan dældi því inn í vélarrúmið á meðan vélin gekk;
- að hосan rifnaði nær alveg í sundur (4/5) en hún er gormhosa (harmonikuhosa) en aðeins gormurinn hélt henni saman;

- að framan á vélinni kemur púströrið út úr afgashverflinum en ferskvatnskælirinn er aftan á henni og kemur stútur fram úr kælinum sem gormhosan tengist og liggur þaðan í stút sem kemur niður og fram úr púströrinu (blautpúst). Til að hosan komist á stútinn þarf hún því að koma í beygju inn í blautpústið og er þetta leyst með gormhosunni en ekki formbeygðri hosu eða beygðum stút;
- að púströrið liggur aftur með vélinni og er tenging við afgashverfil með 90° beygju sem vísar niður og aftur. Hönnun á púströrsbeygjunni og blautpúststútnum í henni miðast við að stútarnir vísi hver að öðrum og púströrið gangi frá vélinni en ekki meðfram henni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til ónýtrar hosu.